

Risaeðlur úr öllum áttum –íslenskar nafngiftir

Viktor Árnason og Rafn Sigurðsson

Risaeðlur hafa fangað hug mannsins síðan þær fundust fyrst fyrir rúmum tveimur öldum. Mikil óreiða hefur ríkt um í nafngiftum þeirra á íslensku. Með ýtarlegri yfirferð um íslensk heiti risaeðlutegunda í gegnum tíðina höfum við leitast við að skapa heildstæðan lista án óreiðu. Heiti sem sköpuðu vanda voru skýrð og notast var við nokkur gæðaviðmið til að hver tegund bæri aðeins eitt heiti og deildi því ekki með neinni annarri tegund. Niðurstöður okkar eru settar fram í lista með öllum þeim heitum sem við teljum eiga að vera hin einu sönnu heiti hversrar tegundar. Mikil þörf er á heildstæðum listum um íslensk heiti ýmissa lífveruhópa og voru risaeðlurnar góður hópur til þess að byrja á sökum vinsælda hans og tiltölulega takmarkaðs tegundafjölda.



Kolvígur (*Microraptor gui*). Teikn.: Viktor Árnason.

INNGANGUR

Í tilefni þess að nú eru 200 ár liðin frá því að fyrsta risaeðlan var sýnd opinberlega hjá Jarðfræðifélagi Lundúna og gefið heitið *Megalosaurus bucklandii*, Mantell 1827, í tímariti félagsins, er tilvalið að skoða íslensk heiti þessara áhugaverðu skepna. Risaeðlur (l. Dinosauria, Owen 1842) hafa fangað huga fólks æ síðar, og hafa þær átt mikinn þátt í að víkka skilning vísindasamfélagsins og mannkynsins alls á útdauða lífvera, og þróunarsögu jarðarinnar. Því er þó ekki að neita að helsti markhópurinn fyrir risaeðlutengt efni á Íslandi eru börn, enda eru flestar bækur um risaeðlur á íslensku barnabækur. Mikilvægt er að íhuga og meta gæði íslenskra þýðinga á risaeðluheitum, athuga hvort þau eru almennt lýsandi og skoða hvernig þau hæfa þeim tegundum sem um ræðir. Engin nefnd hefur starfað við slíka yfirferð né haft yfirsýn um þýðingu tegundarheita, hvorki núlifandi né útdauðra tegunda. Aðeins er til einn áreiðanlegur heitalisti sem styðjast má við, listi Örnólfs Thorlaciusar, sem kom í tveimur þáttum í Náttúrufræðingnum árin 2007 og 2008.^{1,2} Þessi listi er þó ekki fullkominn og í honum má finna mörg nýyrði fyrir tegundir sem þá þegar höfðu fengið góð heiti. Annað vandamál við þennan lista er endurtekin notkun sama heitis fyrir tvær eða fleiri tegundir. Í sumum tilfellum voru þá þegar mismunandi heiti í notkun fyrir tegundirnar. Sem dæmi má nefna að tegundirnar *Baryonyx walkeri*, Charig & Milner 1986, og *Deinonychus antirrhopus*, Ostrom 1969, höfðu hvor um sig sérstakt heiti fyrir útkomu greinanna en eftir það fengið sama heitið: klóeðla.² Listinn nær aðeins yfir um 217 tegundir risaeðla og annarra útdauðra dýra en samkvæmt söfnun okkar hafa að minnsta kosti 422 heiti verið notuð á íslensku um þær.

Fjöldi tegunda vantaði á listann frá 2008 en einnig þarf að hafa í huga hve örar breytingar eiga sér stað innan steingervingafræðinnar. Miklar vendingar hafa orðið í flokkun og nafngiftum sumra tegunda. Þar á meðal er tegundin *Troodon formosus*, Leidy 1856, og hefur verið einstaklega mikið umrót á flokkun hennar, þannig að nú eru að minnsta kosti fjögur ættkvíslarheiti í notkun.³⁻⁵ Enn er umdeilt hvort *Troodon* eigi yfirhöfuð að teljast viðurkennd ættkvísl.⁴ Því er tími til kominn að fara yfir þann lista íslenskra heita sem til er, uppfæra hann og endurbæta, og leiðrétta villur í honum.

AÐFERÐIR

Heimildasöfnun

Notast var við leitarvef íslenskra bókasafna (leitir.is) til þess að skrá öll helstu ritverk sem komið hafa út á íslensku um risaeðlur og önnur útdauð hryggdýr. Á þessu vefsetri er ýtarlegasti listi íslenskra bóka sem finna má. Margar bókanna eru ætlaðar börnum. Farið var yfir heimildirnar, bæði bækurnar og einstakar

greinar í fræðibókum og tímaritum, og svipast um eftir íslenskum heitum, sem og latneskum.

Flestar voru heimildirnar aðgengilegar í Þjóðar-bókhöðunni en einnig var farið á Bókasafn Kópavogs, Borgarbókasafnið Grófinni og skólabókasafn Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit. Vefheimildir, á borð við vefsetur einstaklinga eða svör á Vísindavefnum, voru sóttar af viðeigandi vefsvæðum.

Samantekt og ákvörðun

Íslensku heitin voru skráð eftir bestu getu og reynt að forðast alla túlkun á óskýrum heitum. Notast var við forritið Google Sheets til þess að halda utan um íslensku heitin, tíðni þeirra og notkunartímabil. Þrír flokkar heita voru síðan skilgreindir:

1. Eitt heiti sem ekki skarast við önnur.
2. Tvö eða fleiri heiti fyrir eina tegund sem ekki skarast við önnur.
3. Eitt eða fleiri heiti sem skarast við heiti annarrar tegundar.

Þegar álitamál kom upp um notkun heita var tekið mið af sex mismunandi þáttum:

1. Árið sem heitið var fyrst notað.
2. Tímabil notkunar, frá fyrsta riti til síðasta rits sem heitið kom fram í.
3. Notkun heitisins síðan 2008, þegar heitalisti Örnólfs birtist í Náttúrufræðingnum. Sá listi hafði mikil áhrif á íslensk heiti ýmissa tegunda.
4. Heildarhlutfall notkunar. Ef fleira en eitt heiti kemur til greina er litið á það heiti sem oftast er notað.
5. Hvort íslenskt heiti var þegar til í Íðorðabanka-num, eða öðrum heimildum, fyrir tegundina. Lokamarkmiðið er að Íðorðabankinn verði áreiðanleg heimild um risaeðluheiti.
6. Hvort tiltekið íslenskt heiti er of einfalt eða óskýrt, og hvort það passar við latneska tegundarheitið.

Þegar ofangreind atriði dugðu ekki til voru heitin tekin fyrir á umræðufundum höfunda, sem einnig ráðfærðu sig við Gunnar Þór Hallgrímsson dýrafræðiprófessor, og komist að niðurstöðu um hvaða heiti skyldi verða fyrir valinu. Einnig var tekið mið af uppruna heimilda. Greinar í Náttúrufræðingnum eða svör á Vísindavefnum þóttu til dæmis vega þyngra en vefir einstaklinga. Almennt var forðast að nota heiti dregin af mannanöfnum, og voru ný heiti því smíðuð þegar engin önnur þóttu betri en mannsnafnsheitið. Í textanum hér á eftir er aðeins rætt um þær tegund sem þurftu að fá ný heiti eða breytt. Í listanum í lokin er að finna heiti allra tegunda, latnesk og íslensk.

Ítarlegri útskýringu en hér er rúm fyrir á hverju heiti má nálgast hjá höfundum.

Makkgramur (*Tyrannosaurus mcraeensis*). Teikn.: Viktor Árnason.

NIDURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR

Tyrannosaurus mcraeensis,

Dalman et al. 2024 – makkgramur

Í tilefni af því að tegund þessari var lýst í sömu viku og höfundar höfðu ákveðið að hefja þetta verkefni, og sökum þess að hún er náskyld einni vinsælustu og best þekktu risaeðlu allra tíma, töldu höfundar snjallt að vera á undan útgefendum og þýðendum og gefa henni heiti áður en skrifað yrði um hana á íslensku. Óvíst er til lengri tíma hvort hún hlýtur samþykki meðal sérfræðinga, því hún hefur ekki enn sem komið er verið sannreynd af fleiri steingervingafræðingum en þeim sem lýstu henni. Sökum tengsla tegundarinnar við *Tyrannosaurus rex*, Osborn 1905, sem ótvírætt á að heita grameðla, eins og yfirferð okkar um íslensk rit sýndi fram á, skal kenna tegundina við hóp grameðla, og skal heiti hennar hafa síðari samsetningarliðinn „gramur“. Tegundarheitið *mcraeensis* er kennt við McRae-jarðlögin þar sem tegundin fannst.⁶ Því leggja höfundar til að tegundin *Tyrannosaurus mcraeensis* fái íslenskaða heitið makkgramur.

Tegundir með fleiri en eitt heiti sem ekki skarast við heiti annarra tegunda

Gastornis parisiensis, Hébert 1855 – parísargastri

Ættkvíslarheiti þessarar tegundar er myndað eftir nafni steingervafafræðingsins Gaston Planté, en áður bar hún heitið *Diatryma*, Cope 1876, sem lýsir holum beinum í fuglunum. Á íslensku hefur hún áður fengið tvö heiti, vargfugl⁷ og steinfugl⁸, en hvorugt þeirra má telja gott sökum ónákvæmni. Sem betur fer hefur hvorugt þeirra verið notað síðan 1988 og er ólíklegt að þau hafi festst í notkun. Því telja höfundar rétt að tegundir í þessari ættkvísl fá að samsetningarlið orðið gastri, sem dregið er af ættkvíslarheitinu *Gastornis*. Ætti ættkvíslin *Gastornis*, Hébert 1855, þá einnig að kallast gastrar, og yrði *species typica* hennar eða einkennistegund, *Gastornis parisiensis*, þá nefnd parísargastri eftir tegundarheiti sínu, sem kennir hana við borgina París í Frakklandi.

Microraptor, Xu et al. 2000 – vígar

Microraptor zhaoianus, Xu et al. 2000 – smávígur

Ættkvíslin *Microraptor* samanstendur af þremur tegundum og hefur gengið undir þremur heitum, smávígur,^{2,9–14} ránríli¹⁵ og smáþjófur.¹⁶ Smávígur er að öllu leyti sterkasta heitið og er því lagt til að *species typica* ættkvíslarinnar, *Microraptor zhaoianus*, beri það heiti. Það hefur verið notað í ritum átta sinnum en heitin ránríli og smáþjófur aðeins komið fyrir einu sinni hvort. Síðari heiti innihalda ekki orðið vígur

sem höfundar leggja til að sé samþykkt sem heiti ættkvíslarinnar sjálfrar. Sökum þess telja höfundar að þær tvær tegundir sem fram að þessu hafa ekki fengið íslensk tegundarheiti skuli bera seinni liðinn -vígur til að tengja tegundirnar saman.

Microraptor gui, Xu et al. 2003 – kolvígur

Önnur tegund úr ættkvísl víga er *M. gui* og er hún stærst þekktra víga. Þekking okkar um útliti hennar er nokkuð góð, og þar á meðal er vitað að fjaðrir þessarar tegundar voru svartar eða blágljáandi líkt og á hröfn-um (*Corvus corax*, Linnaeus 1758) og störum (*Sturnus vulgaris*, Linnaeus 1758). Því telja höfundar að hana ætti að nefna kolvígur.

Microraptor hanqingi, Gong et al. 2012 – svifvígur

Tegund þessi hafði mikla afturvængi í samanburði við skyldar tegundir, sem talið er að hafi nýst til svifs frekar en flugs. Því er upplagt að nefna hana svifvígur.

Pachyrhinosaurus, Sternberg 1950 – nasar

Pachyrhinosaurus canadensis, Sternberg 1950 – breiðnasi

Í ættkvísl þessari eru þrjár tegundir með mismunandi höfuðlag og hornagerð. Þó hafa nasategundirnar svipaða andlitsdrætti og skapast því kjörið tækifæri að nota þau heiti sem til eru fyrir tegundina. Því vilja höfundar meina að sterkasta heitið sem ættkvíslin hefur fengið, breiðnasi,^{2,10,13,17} sé notað fyrir *species typica* hennar, *P. canadensis*.

Pachyrhinosaurus perotorum, Fiorillo & Tykoski 2012 – beinnasi

Þessi tegund hafði þykkasta beinvöxtinn í andliti af tegundunum þremur og því vilja höfundar gefa henni annað heitið sem notað hefur verið fyrir ættkvíslina, beinnasi.¹⁸

Pachyrhinosaurus lakustai, Currie et al. 2008 – hornnasi

Þessi tegund af ættkvísl nasa er sú eina sem vitað er að borið hafi horn á kambinum. Því vilja höfundar leggja til nýtt heiti fyrir hana, hornnasi.

Styracosaurus albertensis, Lambe 1913, & *Rubeosaurus ovatus*, McDonald & Horner 2010 – ígulhyrna & oddhyrna

Ættkvísl *Styracosaurus* hefur fengið þrjú íslenskheiti, íguleðla,^{2,8,10,13,19–21} oddeðla^{14,16} og skjaldhyrna.²² Sökum þess að íguleðla er sterkasta heitið er rétt að taka það frá fyrir *species typica*, *S. albertensis*, en til þess að hún sé í samræmi við ættingja sína verður endanlegt heiti

hennar ígulhyrna.

Rubeosaurus ovatus hefur einnig verið nefnd *Styracosaurus ovatus*. En þar sem ættkvíslin *Styracosaurus* hefur hlotið þrjú heiti var tilvalið að gefa þessari tegund það heiti sem best lýsir henni, og til þess að hún sé í samræmi við aðrar tegundir hyrna (l. *Ceratopsia*, Marsh 1888) skal síðari liðurinn vera hyrna og ekki -eðla. Heitir hún því oddhyrna.

Tuojiangosaurus multispinus, Dong et al. 1977 – túókambur

Latnesktheiti tegundarinnar hverfist um kínverska fljótið Túó. Þau íslensku heiti sem notuð hafa verið gera það einnig, túóeðla^{14,23} og túófljótseðla.¹¹ Af þeim er túóeðla töluvert sterkara heiti, styttra og þægilegra. Höfundar leggja þó fram nýjan samsetningarlið með heitinu túókambur, þar sem tegundin tilheyrir hópi kambeðla (l. *Stegosauria*, Marsh 1877).

Wuerhosaurus homheni, Dong 1973 – wúerhókambur

Tegundin er kennd við hérað í Kína og hefur á íslensku gengið undir tveimur heitum, wúerhósárus¹¹ og tokkariúeðla.¹⁷ Hvorugt heitanna er sérlega gott, og hvorugt hefur verið notað mikið. Leggja höfundar því fram heitið wúerhókambur til þess að tegundin sé auðgreinanleg sem ein af kambeðlunum.

Tegundir með heiti sem skarast

Alcovasaurus longispinus, Gilmore 1914, & *Kentrosaurus aethiopicus*, Hennig 1915 – dálkkambur & geirkambur

Heitið dálkeðla hefur verið notað um *Alcovasaurus longispinus*²³ og *Kentrosaurus aethiopicus*^{1,10–11,15} en *K. aethiopicus* hefur einnig fengið heitið krónusareðla.^{2,13,14,17,20} Þótt *K. aethiopicus* hafi fengið heitið dálkeðla áður en hún var nefnd krónusareðla, þá bar *A. longispinus* það heiti þegar og skal því vera sú tegund sem fær heitið dálkeðla. Vandinn með *K. aethiopicus* er þó ekki enn leystur en hún fékk fyrst heitið krónusareðla árið 2008. Skriðdýrstegundin *Kronosaurus queenslandicus*, Longman 1924, hefur einnig hlotið þetta heiti¹ og á það betur við hana sökum þess að krónusareðla er í raun bein þýðing á heitinu *Kronosaurus*, en á lítið skylt við *Kentrosaurus*. Þá stendur skriðdýrið nær eðlum (l. *Squamata*, Oppel 1811) en *K. aethiopicus*. Því vantar heiti fyrir tegundina *K. aethiopicus* en sökum þess að ættkvíslarheiti hennar beinþýtt, *Kentrosaurus*, merkir spjóteðla (forngríska orðið *kentros*: oddhvasst verkfæri eða spjót; og *sauros*: eðla) leggja höfundar því til að tegundin verði kennd við geir, hið forna heiti spjótsins, og þannig vísað í frummerkingu fræðiheitisins. Þar sem tegundirnar *A. longispinus* og *K. aethiopicus* tilheyra báðar *Stegosauridae*, eða kambeðluætt, telja höfundar eðlilegt heiti þeirra hafi samsetningarliðinn

-kambur frekar en -eðla.

Því leggja höfundar til að *K. aethiopicus* fái hið nýja heiti geirkambur en *A. longispinus* fái breytta heitið dálkkambur til að gera skyldleika tegundanna við aðrar kambeðlur ljósari.

Allosaurus fragilis, Marsh 1877, & *Allosaurus valens*, (Leidy 1870) Huene 1932 – skolleðla & djöflaskollur

Allosaurus fragilis hefur hlotið tvö heiti, skolleðla^{1,2,6,10–14,16,17,19–21,24} og vígeðla.^{15,18,22,23,25,26} Af þeim er skolleðla vafalaust þekktara og vinsælla, sérstaklega upp á síðkastið, en önnur tegund, *Allosaurus valens* (áður lýst sem *Antrodemus valens*, Leidy 1873), hefur einnig fengið heitið skolleðla.^{2,13} Heitið skolleðla tilheyrir ótvírætt *A. fragilis* en ekki er hægt að nota heitið vígeðla sökum skörunar við útdauða ættkvísl einbogans *Trochosaurus*, Haughton 1915.^{2,13,19} *A. valens*, sem nefnd hefur verið skolleðla líkt og *A. fragilis*, hefur einnig fengið heitið djöfleðla, sem fellur vel við hana.¹⁹ Til þess að tengja hana við skyldar tegundir skolleðla (l. *Allosauroides*, Marsh 1878) skal hún heita djöflaskollur.

Anchisaurus polyzelus, Hitchcock 1865 & *Irritator challengerii*, Martill et al. 1996 – hjáeðla & lokaðla

Báðar tegundirnar hafa áður borið heitið eðaleðla, *Anchisaurus polyzelus*^{2,10,13,14,17} þó talsvert oftar en *Irritator challengerii*.¹ Áður gekk hún undir heitinu hjáeðla.^{18,19} Sökum þess að hjáeðla á betur við tegundina með tilliti til upprunalegrar merkingar fræðiheitisins (gr. *ankhi* = nálægt, hjá) og til að forðast erfiðleika fyrir lesblinda er réttast að *A. polyzelus* kallist hjáeðla.

I. challengerii (líklegt samheiti *Angaturama limai*, Kellner & Campos 1996) hefur aðeins einu sinni borið heitið eðaleðla í heimildum okkar, einnig hefur hún verið nefnd lokaðla,^{2,10,13} brallaraeðla¹⁶ og vandræðaeðla.¹ Af þessum heitum er lokaðla oftast notað. Það virðist réttast að tegundin sé kennd við goðið Loka, enda ollu leifar hennar steingervingafræðingum miklum erfiðleikum þegar þær fundust. Því leggja höfundar til að lokaðla verði lokaheiti *I. challengerii*.

Apatosaurus ajax, Marsh 1877, & *Brontosaurus excelsus*, Marsh 1879 – þórseðla & þrumueðla

Hér er um að ræða einn erfiðasta rugling tegunda- og íslensks heitis. Báðar tegundirnar eru í raun vel þekktar sem þórseðla. *Brontosaurus excelsus* fékk heitið nokkru fyrr, árið 1974, en *Apatosaurus ajax* fyrst árið 1993.^{24,27} Síðan hafa báðar tegundir borið þetta heiti á íslensku og það reglulega.^{2,7,9,10,13–16,18,19,21,24–27} Þó hefur *A. ajax* oftar borið þórseðluheitið, sér í lagi síðustu ár. Því leggja höfundar til að hún beri heitið þórseðla en *B. excelsus* fái heitið þrumueðla, sem hefur verið notað um hana einu sinni.²⁸

Baryonyx walkeri, Charig & Millner 1986, & *Deinonychus antirrhopus*, Ostrom 1969 – klóeðla & sporeðla

Heitið klóeðla hefur verið notað fyrir tvær tegundir, *Deinonychus antirrhopus*^{1,2,7,8,10–16,18,19,21–25,29} og *Baryonyx walkeri*.^{1,2,10,13,14} *D. antirrhopus* fékk heitið fyrst árið 1979 og hefur ekki verið kölluð annað síðan. Á hinn bóginn hafði *B. walkeri* fram að greinum Örnólfs Thorlaciusar árin 2007–2008 ávallt verið kölluð sporeðla.^{16,18,21,23} Þetta skapar skiljanlega rugling en með réttu skal *D. antirrhopus* bera heitið klóeðla og *B. walkeri* sporeðla.

Carcharodontosaurus saharicus, Depéret & Savornin 1925, *Heterodontosaurus tucki*, Crompton & Charig 1962, & *Scolosaurus cutleri*, Nopcsa 1928 – háfstanneðla, mistönnungur & stjakygli

Hér er líklega á ferð mesti risaeðluheitaruglingur Íslandssögunnar. Um er að ræða fjórar tegundir sem allar hafa einhvern tíma haft heitið tanneðla. Byrjum á *Carcharodontosaurus saharicus*. Sú tegund hefur fengið heitin tanneðla²⁴, háfstanni^{12,14,16,18}, hákarleðla¹⁵ og háfstanneðla.^{1,2,10,13,21} Öll vísa heitin í tennur eða hákarl í samræmi við upprunamerkingu latneska fræðiheitisins, en háfstanneðla hefur orðið ríkjandi síðan 2008. Því skal það vera réttmætt heiti *C. saharicus*.

Heterodontosaurus tucki hefur hlotið þrjú heiti, tanneðla⁶, fjöltanni¹⁶ og mistönnungur.^{1,2,10,13,21} Af þessum heitum er mistönnungur vafalaust best. Hin tvö hafa aðeins verið notuð í einu tilfelli hvort.

Scolosaurus cutleri^{2,10,13} og *Eudimorphodon ranzii*, Zambelli 1973¹⁶ hafa einnig fengið heitið tanneðla, og ekkert annað, en það lýsir tegundunum ekki vel. Gríska orðið *skolos* í latneska heitinu *S. cutleri* merkir „oddhvass stjaki, broddur, þyrnir“ og því leggja höfundar til að tegundin fái hið lýsandi heiti stjakygli. Síðari samsetningarliðið fær hún sem gaddeðla, því að sá hópur hefur oft seinni liðinn -ygli. *E. ranzii* er ekki risaeðla og er því ekki tekin fyrir að sinni.

Ceratosaurus nasicornis, Marsh 1884, *Triceratops horridus*, Marsh 1889, & *Triceratops prorsus*, Marsh 1890 – horneðla, þríhyrna & nashyrningseðla

Um *Ceratosaurus nasicornis* hafa verið notuð þrjú heiti, hyrna,^{2,10,13} horneðla^{1,2,10,13,17} og hornnefja.^{12,14,16,20,23} Horneðla er algengasta heiti *C. nasicornis* en hefur örsjaldan verið notað um *Triceratops horridus*, því skal *C. nasicornis* vera horneðla. Um ættkvíslina *Triceratops*, Marsh 1889, hafa einnig gengið þrjú heiti, hið lítt notaða horneðla^{18,22,25} og tvö vinsælli heiti, nashyrningseðla^{2,6,7,10,12–17,19–21,23,24,26,27,29–33} og þríhyrna.^{1,2,10–13,21,26,34} Ættkvíslin skiptist í tvær tegundir *Triceratops horridus*, sem er *species typica*, og *Triceratops prorsus*. Þótt venjan sé að gefa *species typica* það heiti sem oftar hefur verið notað er einkennismunur tegundanna tveggja meðal

annars sá að *T. prorsus* hefur stærra horn á trýninu og svipar meira til nashyrnings en *T. horridus*, sem hefur einnig stærri augnhorn og ber því meira á öllum þremur hornunum en á *T. prorsus*. Því leggja höfundarnir til að *T. horridus* sé héðan af nefnd þríhyrna en *T. prorsus* fái heitið nashyrningseðla.

Cetiosaurus oxoniensis, Phillips 1871 – fenriseðla

Heiti hennar eru fenriseðla^{2,10,13,19} og hvaleðla.¹⁶ Hvaleðlu heitinu deilir hún með ættkvíslinni *Ichthyosaurus*, De la Beche & Conybeare 1821, sem tilheyrir ekki hópi risaeðla og verður því ekki gefið heiti í þessari grein. Sökum þess að fenriseðla er mun algengra en hvaleðla skal það vera rétt heiti *C. oxoniensis*.

Corythosaurus casuarius, Brown 1914, & *Hypacrosaurus altispinus*, Brown 1913 – kúfeðla & andarkúfa

Um *Corythosaurus casuarius* hafa verið notuð heitin kúfeðla^{1,2,10,13,16–18,21–24} og andarkemba.^{1,10,13,17} Deilir hún andarkemba heitinu með tegundinni *Hypacrosaurus altispinus*,¹⁸ en sú hefur aðeins gengið undir því heiti. Andarkemba hefur ekki verið notað jafn oft eða jafn lengi og heitið kúfeðla, er eðlilegt að *C. casuarius* heiti kúfeðla.


H. altispinus getur þó varla heitið andarkemba, því að -kemba er algengur seinni samsetningarliður í heitum kambeðla. Því leggja höfundar til heitið andarkúfa fyrir þessa tegund, og jafnframt að -kúfa verði seinni samsetningarliður í heitum lúðurkemba (l. *Lambeosaurinae*, Parks 1923). Í honum eru meðal annars tegundirnar *C. casuarius* og *H. altispinus*.

Dromiceiomimus brevitertius, Russell 1972, & *Dromaeosaurus albertensis*, Matthew & Brown 1922 – emúaeðla & spretteðla

Dromiceiomimus brevitertius er svo nefnd vegna líkinda sinna við emúfugl (*Dromaius novaehollandie*, Latham 1790). Hún hefur af þeirri ástæðu fengið íslenska heitið emúaeðla⁸ en einnig verið kölluð spretteðla.^{14,19} Spretteðla hefur einnig verið notað fyrir tegundina *D. albertensis*^{1,10,13}, sem hefur að auki hlotið heitið kvikeðla.¹⁸ Eðlilegast er að kenna *D. brevitertius* við emúfuglinn eins og í latneska heitinu og kalla hana emúeðlu en láta *D. albertensis* eina um heitið spretteðla, sem mun oftast hefur verið notað um þá tegund.

Edmontosaurus annectens, Marsh 1892, & *Trachodon mirabilis*, Leidy 1856 – andareðla & undurnefja

Bæði *Edmontosaurus annectens* og *Trachodon mirabilis* hafa borið heitið andareðla frá árinu 1979.¹⁹ Síðan hefur heitið gengið fram og aftur á milli tegundanna tveggja, sökum uppstokkunar á ættkvíslarflokkun og skilgreiningu þessara tegunda. *E. annectens* (úrelt samheiti *Anatosaurus*, Lull & Wright 1942, sem bein-



(a) Beinnasi (*Pachyrhinosaurus perotorum*),
(b) Breiðnasi (*Pachyrhinosaurus canadensis*),
(c) Hornnasi (*Pachyrhinosaurus lakustai*).
Teikn.: Viktor Árnason.

þýtt merkir andar-eðla) hefur mun oftast verið kölluð andareðla^{2,7,8,10,13,19,24} en *T. mirabilis*.^{2,13,19} Því leggja höfundar til að *E. annectens* fái héðan í frá að bera heitið andareðla og leggjum í staðinn til heitið undurnefja fyrir *T. mirabilis* þar sem tegundin ber tegundarheitið *mirabilis* eða „hin undraverða“, og er af andurnefjuættinni (l. *Hadrosauridae*, 1869).

Euhelopus zdanskyi, Wiman 1929, & *Janenschia robusta*, Fraas 1908 – þrymsaðla & þursaeðla



Sporeðla, *Baryonix walkeri*, í náttúrulegu umhverfi sínu. Teikn.: Viktor Árnason.

Tegundir þessar tvær deila ekki tæknilega séð heitum en hafa verið kölluð þrymseðla og þrymeðla, sem eru of lík. *Euhelopus zdanskyi* hefur aðeins verið nefnd þrymseðla,¹⁹ og var það gert árið 1979, 27 árum áður en heitið þrymeðla yrði notað fyrir *Janenschia robusta*.³⁵ Því er þrymseðla sterkara heitið og verður helgað *E. zdanskyi*. Þá vantar heiti fyrir *J. robusta*.

Til að halda í þá hefð að nefna risaeðlur úr hópi graseðla (l. Sauropoda, Marsh 1878) eftir jötnum, tröllum, titönnum og þursum leggja höfundar til heitið þur-saeðla fyrir *J. robusta*.

Euoplocephalus tutus, Lambe 1902, *Panoplosaurus mirus*, Lambe 1919, & *Polacanthus foxii*, Owen 1865 – gaddygli, stórskjöldungur & bryneðla

Tegundin *Euoplocephalus tutus* er best þekkt sem gaddygli,^{1,2,8,10,11,13–16,18,19,32} en heitin bryneðla¹⁶ og gaddhygli¹¹ hafa einnig verið notuð. Af þessum heitum er gaddygli sterkast svo um munar. Því skal það heiti notað um þessa tegund. Tegundin *Panoplosaurus mirus* hefur deilt heitinu bryneðla¹⁶ með bæði *E. tutus* og *Polacanthus foxii*. *P. foxii* hefur gengið undir heitinu bryneðla^{1,2,7,10,13,14,19} nema einu sinni og þá brynjueðla.²³ Þar af er bryneðla sterkara heitið og skal notað áfram um hana.

Þá er *P. mirus* orðin heitislaus. Latnesku nafngift hennar merkir al-brynvarin eðla, og er byggt á gríska heitinu „hoplon“ sem merkir hring skjöldinn sem hinir forngrísku hoplítar báru. En þeir hermenn hafa einnig verið kallaðar stórskjöldungar á íslensku. Hér gefst kjörið tækifæri til að nýta gott íslenskt heiti sem deilir sameiginlegum uppruna við fræðilega tegundarheitið, og skal *P. mirus* því heita stórskjöldungur á íslensku.

Mapusaurus roseae, Coria & Currie 2006 – jarð-eðla

Fræðiheiti tegundarinnar *Mapusaurus roseae* merkir einfaldlega jarðeðla, þar sem *mapu* merkir jörð á máli argentínsk-sílesku Mapuche-frumbyggjanna og *sauros* er eðla á grísku. Er það eina heitið sem tegundin hefur haft á íslensku.¹⁴ Það hefur hins vegar einnig verið notað fyrir ættkvíslina *Edaphosaurus*, Cope 1882, sem ekki er af risaeðlukyni og hefur annað heiti, og skal jarðeðla því einungis nota fyrir *M. roseae*.

Minmi paravertebræ, Molnar 1980 – liljueðla

Minmi paravertebræ hefur gengið undir þremur heitum; liljueðla,^{2,10 11,13,17} steineðla¹⁶ og minmieðla, sem varla telst íslenskun.¹⁸ Af þeim skarast heitið steineðla við seildýrið *Anthracosaurus russelli*, Huxley 1863. Þessi árekstur er raunar ekki ýkja mikilvægur þar sem heitið hefur aðeins einu sinni verið notað fyrir *M. paravertebræ*. Heitið liljueðla er sterkasta heitið, og það sem virðist tengjast best latnska heitinu, og skal vera það heiti sem er notað.

Ornithomimus velox, Marsh 1890, & *Struthiomimus altus*, Lambe 1902 – strúteðla & fjalarssnarpur

Tegundir þessar eru til mikils ama þar sem þær hafa báðar borið nánast sama heitið. *Ornithomimus velox* hefur ávallt verið kölluð strúteðla^{1,2,7,10,16,19,29,30,33–35} og *Struthiomimus altus* hefur sömuleiðis ávallt borið heitið strútseðla.^{1,12,23,29,34} Þetta eina eignarfalls-„s“ sem aðgreinir heitin tvö dugar ekki til þess að aðskilja tegundirnar almennilega, og ekki hjálpar að þær eru náskyldar og svipaðar í útliti. Í flestum sambærilegum tilfellum hefur reynst best að gefa tegundinni það íslenska heiti sem mest svipar til upprunalega latneska heitisins. Í þessu tilfelli ætti *S. altus*, „strútshermir“ á latínu, að fá heitið strúteðla líkt og hún hefur ávallt haft. Það gengur þó ekki í þessu tilfelli þar sem *O. ve-*

lox hefur verið nefnd strúteðla tvöfalt oftar og á þrefalt lengra tímabili en *S. altus*. Því má segja að fyrir þá tegund hafi heitið fest rætur, og skal vera strúteðla.

Vandamálið er að finna viðeigandi heiti fyrir *S. altus*. Til þess að forðast seinni liðinn -eðla þarf viðeigandi og lýsandi samsetningarlið fyrir hóp *Ornithomimosauria*, Barsbold 1976. Sá hópur hefur ávallt haft heitið strúteðlur^{1,10,18} og ættin sem *S. altus* tilheyrir, *Ornithomimidae*, Marsh 1890, verið kölluð strúteðluætt¹⁰, í tengslum við nafngift *O. velox*. Því liggur enginn augljós seinni liður fyrir. Vegna þess að þessi dýr eru hraðskreiðir hlauparar, og vegna tengsla hópsins við strútfugla og emúa í gegnum nafngiftirnar *Struthiomimus* og *Dromiceiomimus*, leggja höfundar til orðið „snarpur“ sem seinni lið fyrir tegundir úr hópnum *Ornithomimosauria*. Snúnara er að gera tillögu um tegundina *S. altus*. Helst vildu höfundar halda í tenginguna við líkingar við núlifandi fugla, án þess að um verði að ræða bein tengsl. Meðal hananafna er Fjalar, sem segir frá í Völuspá. Hann hefur aðsetur í Gaglviði og galar við upphaf ragnarraka. Því er lokatillaga okkar á heiti fyrir tegundina *S. altus* fjalarssnarpur og vona höfundar að því verði tekið opnum örmum.

Pachycephalosaurus grangeri, Brown & Schlaikjer 1943, & *Stegoceras validum*, Lambe 1902 – þverhöfði & skalleðla

Pachycephalosaurus grangeri er ein þeirra tegunda sem hafa gengið undir fjölmörgum íslenskum heitum. Þetta gerðist þannig að tvær aðrar tegundir, sem nú eru taldar vera ungvíði *P. grangeri*, voru sameinaðar henni í fræðilegri flokkun, og með þeim komu ýmis heiti. Íslensk heiti tegundarinnar, þverhöfði,^{2,10,12–18,20,21,23,24} drekaeðla,¹⁶ skallaeðla,^{1,25,29} skalleðla¹¹ og slíðurgreifill,¹⁷ vísa flest til þykkrar höfuðkúpu tegundarinnar. Af þeim er þverhöfði óneitanlega sterkasta heitið, sem hefur verið notað lengst og kemur fyrir í um 70% tilfella og skal því notað.

Tegundin *Stegoceras validum* hefur ekki fengið eins mörg heiti, aðeins tvö. Annað þeirra, skalleðla,^{7,18,19} skarast við eitt heiti *P. grangeri*, sem væri í lagi eftir að sú tegund hefur fengið annað heiti. Sterkasta heiti *S. validum* er hitt heitið, kraghyrna,^{1,10,13,14} en það skarast við horneðluhópinn og tegundin getur ekki haft samsetningarliðinn -hyrna. Því skal skalleðla vera réttmætt heiti hennar.

Pentaceratops sternbergii, Osborn 1923, & *Torosaurus latus*, Marsh 1891 – fimmhyrna & nauthyrna

Pentaceratops sternbergii hefur ávallt borið heitið fimmhyrna,^{2,10,12,13,15,16,18,21} sem samræmist beinþýðingu latnesks heitis hennar. *Torosaurus latus* hefur einnig aðallega verið nefnd í samræmi við latneskt heiti sitt og verið kölluð nauteðla,^{2,6,10,11,13,16,21,23,29} en þó einu sinni fimmhyrna.¹⁴ Sökum þess að *T. latus* er ekki eðla heldur hyrna skal hún heita nauthyrna.

Plateosaurus trossingensis, Fraas 1913, & *Plateosaurus gracilis*, von Huene 1907–1908 – sléttueðla & söðuleðla

Tvær tegundir af ættkvíslinni *Plateosaurus*, von Meyer 1837, hafa hlotið íslensk heiti, *Plateosaurus trossingensis* og *Plateosaurus gracilis*. Sem *species typica* hafa *P. trossingensis* verið eignuð öll þau heiti sem notuð voru fyrir ættkvíslina áður en *P. gracilis* var skilgreind og fékk það fræðiheiti, en gekk áður undir heitinu *Sello-saurus gracilis*, von Huene 1907–1908. *P. trossingensis* hefur verið nefnd sléttueðla,^{1,2,7,10,12–17,20,21,23,29} blóðeðla^{2,12,13,17} og flateðla.²⁶ Heitin sléttueðla og flateðla hafa einnig verið notuð fyrir *P. gracilis*^{10,15,26} og hún hefur einnig verið kölluð söðuleðla.^{1,2,10,13} En söðuleðla er sterkasta heitið fyrir *P. gracilis* og því er kjörið að nota sléttueðla fyrir *P. trossingensis*, sem hefur borið það heiti lengst og ofast.

Procompsognathus triassicus, Fraas 1913, *Stenonychosaurus inequalis*, Sternberg 1932, & *Thecodontosaurus antiquus*, Morris 1843 – árþvengur, sagtanni & slíðurtanni

Þær þrjár tegundir sem teknar eru fyrir í þessari málsgrein hafa allar gengið undir fleiri heitum en einu. *Procompsognathus triassicus* hefur fengið tvö heiti, mjóeðla^{1,10,13,23} og frumþvengeðla.⁶ Hið seinna vísar til latnesks heitis hennar þar sem hún er sögð vera forveri eða frumtegund þvengeðlu (*Compsognathus longipes*, Wagner 1859), sem er smávaxinn ættingi tegundarinnar. Mjóeðla er sterkara heitið samkvæmt mælikvörðum okkar en það er ekki lýsandi og ekki sérlega einkennandi eða viðeigandi í sjálfu sér. Því list höfundum betur á tengingu við þvengeðluna. Sökum þess að höfundar vilja bæði forðast óþjál heiti og þau sem hafa seinni liðinn -eðla leggja þeir til nýja heitið árþvengur fyrir þessa tegund. Heitið hefur sömu merkingu og latneska fræðiheitið og heldur tengingu þess við þvengeðluna.

Stenonychosaurus inequalis er ein þeirra tegunda sem hefur valdið hvað mestum hausverk í gagnasöfnuninni. Hún er, að minnsta kosti eins og er, talin vera sú tegund sem tók við af *Troodon formosus*. Sú tegund hefur reyndar verið klofin sundur og jafnvel skipt í fernt, eins og áður hefur komið fram. Því tóku höfundar saman heitin sem hafa verið notuð um *S. inequalis* og *T. formosus*, og er niðurstaðan fjögur heiti. Þau eru sagtanni,^{1,2,10,12,13,21,29} stingtanni,^{14–16,18,23,26} góneðla¹² og mjóeðla.^{7,19} Af þessum heitum skarast tvö, mjóeðluheitið við áður nefnda *P. triassicus* og sagtanni við hina enn ónefnda *Thecodontosaurus antiquus*.^{14,16} Sagtanni er sterkasta heitið en fyrir birtingu greinanna 2007–2008 hafði stingtanni verið ráðandi. Því skal sagtanni vera endanlegt heiti tegundarinnar.

Thecodontosaurus antiquus er síðasta tegundin úr þessum hópi og sem áður segir skarast eitt þriggja heita hennar, stingtanni, við heiti *S. inequalis*. Ön-



Tvær tegundir af ættkvísl *Triceratops*. a) *T. horridus*, og b) *T. prorsus*.
Teikn.: Viktor Árnason.

nur heiti hennar eru boleðla^{1,19} og slíðurtanni.^{1,2,10,13} Af þessum heitum er slíðurtanni það sterkasta en öll hafa meira og minna verið í notkun í sömu heimildunum. Heiti *T. antiquus* hefur verið þýtt á ýmsa vegu enda þótt tegundarinnar sé einungis getið í fáeinum heimildum. Slíðurtanni skal vera hið endanlega heiti tegundarinnar þar sem það hefur einfaldlega verið notað svo oft að ekki er ráðlegt að breyta því.

Sinornis santensis, Sereno & Rao 1992, & *Sinornithosaurus millenii*, Xu et al. 1999 – kínaflugl & þúsaldareðla

Latnesk heiti beggja þessara tegunda, *Sinornis santensis* og *Sinornithosaurus millenii*, vísa til þess að þær fundust í Kína, og hafa þær báðar verið kallaðar íslenska heitinu kínaflugl á einhverjum tímapunkti. Heiti þetta er ógagnsætt og frekar slakt, sérstaklega þó fyrir *S. millenii* sem ólíkt *S. santensis* er, eins og er, ekki skilgreind í hóp fugla. Því er ekki hægt að réttlæta að le-

yfa henni að bera það heiti. Því fær *S. santensis* heitið kínaflugl, sem er reyndar eina heitið sem hún hefur haft.^{2,13}

S. millenii hefur borið tvö heiti; kínaflugl,¹⁴ eins og áður sagði, og heitið þúsaldareðla,^{1,2,11,13} sem vísar til tegundarheitis hennar á latínu, millenii – þúsaldar eða þúsundlegur, sbr. „millennium“ í ensku, en fyrsta eintakið fannst árið 1999. Því er þetta heiti viðeigandi, sérstaklega í ljósi þess að það hefur verið notað meira, og er því upplagt að það standi sem heiti þessarar tegundar.

Szechuanosaurus campi, Young 1942 – kampskolur

Szechuanosaurus campi hefur einu sinni fengið íslenskt heiti, vargeðla,¹⁶ sem er fremur óheppilegt, ekki síst vegna þess að það skarast við ættkvíslina *Mosasaurus*, Conybeare 1822. Því leggja höfundar til heitið kampskolur, sem sýnir tengingu tegundarinnar við

aðrar skolleðlur og inniheldur eins og latínuheitið nafn fornleifafræðingsins Charles Lewis Camps.

Aðrar tegundir

Heiti allra þeirra tegunda sem ekki hafa þegar verið teknar fyrir má finna í töflu 1. í viðauka.

NAFNNGIFTARREGLUR

Nafngiftarreglur sem höfundar leggja til að leitast sé við að fylgja þegar til nýrra nafngifta risaeðla kemur:

- ◆ Andarnefjueðlur (Hadrosauridae) skulu fá síðari samsetningarliðinn „-nefja“.
 - Undirhópurinn lúðurkembur (Lambeosaurinae) eru þó undantekning og skulu fá seinni liðinn „-kúfa“.
- ◆ Bryneðlur (Ankylosauria) skulu fá seinni liðinn „-ygli“.
- ◆ Gálkn (Brachiosauridae) skulu fá seinni liðinn „-gálkn“.
- ◆ Gastrar (Gastornis) skulu fá seinni liðinn „-gastri“.
- ◆ Horneðlur eða hyrnur (Ceratopsia) skulu fá seinni liðinn „-hyrna“.
 - Undantekning er þó hópurinn Pachyrostra, þar sem þær risaeðlur hafa haft seinni liðinn „-nasar“.
- ◆ Kambeðlur (Stegosauria) skulu fá seinni liðinn „-kambur“.
- ◆ Ógnareðlur (Tyrannosauroida) skulu fá seinni liðinn „-gramur“.
- ◆ Rumar (Titanosauria) skulu fá seinni liðinn „-rumur“.
- ◆ Skeglueðlur (Iguanodontia) skulu fá seinni liðinn „-skegla“.
- ◆ Skolleðlur (Allosauroida) skulu fá seinni liðinn „-skollur“.
- ◆ Strúteðlur (Ornithomimosauria) skulu fá seinni liðinn „-snarpur“.
- ◆ Vígar (Microraptoria) skulu fá seinni liðinn „-vígur“.

Á öllum þessum reglum eru þó ýmsar gamlar undantekningar, þar sem heiti einstakra tegunda hafa náð of mikilli rótfestu til að mögulegt væri sé breyta þeim. Til að mynda fylgir heitið kambeðla ekki nafngiftarreglum kambeðla.

UMRÆÐUR

Leitir að reglum um íslenskar nafngiftir tegunda báru ekki mikinn árangur. Það bendir til að ramminn utan um slík mál sé óskýr og lítt aðgengilegur. Þýðendur virðast taka tegundir fyrir hverju sinni og gefa þeim einfaldlega fyrsta heitið sem þeir finna eða búa til nýtt heiti að eigin vild takist það ekki. Aðrir lífveruhópar, svo sem mosar, glíma einnig við slíkt nafnaflakk.

Mosatategundin *Climacium dendroides* hefur til dæmis heitið krónumosi³⁶ í ritum Bergþórs Jóhannessonar en í nýlegri bók Ágústs H. Bjarnasonar hefur sama tegund heitið pálmamosi.³⁷ Ekki er vitað til þess að nafngiftanefnd á vegum Náttúrufræðistofnunnar hafi komið saman síðan válisti spendýra á Íslandi var ákveðinn árið 2018.

Hvað það er sem sker úr um samþykki einstakra íslenskra heita virðist því helst vera byggt á hversu aðgengilegt efni um heitið er, frekar en aldur eða röksemd nafngiftar. Vonumst við til að með því að útkljá ýmsan vanda um íslenska nafngift risaeðla með ýtarlegri yfirferð þeirra tillagna sem gerðar hafa verið, og með því að gera listann aðgengilegan sem flestum, verði ekki frekari misskilningur. Mikil þörf er því á að taka saman öll þau heiti sem hinar ýmsu tegundir lífvera hafa fengið á íslensku og gera þau aðgengileg almenningi á þessum tímum þegar aðgengi að upplýsingum hefur aldrei verið meira.

ÞAKKIR

Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur undir umsjón Háskóla Íslands á sérstakar þakkir skilið fyrir þann styrk sem verkefninu var veitt. Ágústu Þorbergsdóttur og Gunnari Þór Hallgrímssyni er þakkað fyrir leiðsögn og ráðgjöf á meðan á verkefninu stóð. Einnig er starfsmönnum Íðorðabanka Árnastofnunar þakkað fyrir samstarf við sköpun listans og fyrir að taka að sér að gera hann aðgengilegan almenningi.

HEIMILDIR

1. Örnólfur Thorlacius 2007. Risaeðlur á ferð og flugi. Fyrsti hluti. Náttúrufræðingurinn 1–2. 49–62.
2. Örnólfur Thorlacius 2008. Risaeðlur á ferð og flugi. Annar hluti. Náttúrufræðingurinn 1–2. 29–41.
3. Evans, D.C., Cullen, T.M., Larson, D.W. & Rego, A.A. 2017. A new species of troodontid theropod (Dinosauria: Maniraptora) from the Horseshoe Canyon Formation (Maastrichtian) of Alberta, Canada. Canadian Journal of Earth Sciences 8. 813–826.
4. van der Reest, A.J. & Currie, P.J. 2017. Troodontids (Theropoda) from the Dinosaur Park Formation, Alberta, with a description of a unique new taxon: Implications for deinonychosaur diversity in North America. Canadian Journal of Earth Sciences 9. 919–935.
5. Zanno, L.E., Varricchio, D.J., O'Connor, P.M., Titus, A.L. & Knell, M.J. 2011. A New Troodontid Theropod, *Talos sampsoni* gen. et sp. nov., from the Upper Cretaceous Western Interior Basin of North America. PLoS One 6. e24487.
6. Dalman, S.G., Loewen, M.A., Pyron, R.A., Jasinski, S.E., Malinzak, D.E., Lucas, S.G., Fiorillo, A.R., Currie, P.J. & Longrich, N.R. 2024. A giant tyrannosaur from the Campanian-Maastrichtian of southern North America and the evolution of tyrannosaurid gigantism. Scientific Reports 14. 22124. <https://doi.org/10.1038/s41598-023-47011-0>
7. John, D. & Moody, R. 1983. Þróun lífsins. Þýð. Ólafur Halldórsson. Örn og Örlygur, Reykjavík. 161 bls.
8. Stidworthy, J. & Parker, S. 1988. Risaeðlur og fleiri furðudýr. Þýð. Óskar Ingimarsson. Iðunn, Reykjavík. 144 bls.
9. Malam, J., Woodward, J. & Benton, M. 2007. Risaeðlur. Þýð. Björn Jónsson. Skjaldborg, Reykjavík. 96 bls.
10. Palmer, D., Lamb, S. & Gavira Guerrero, A. 2012. Upphafið – forsaga Lífsins: Leiðsögn í máli og myndum. Þýð. Karl Emil Gunnarsson. JPV, Reykjavík. 512 bls.
11. Weinhold, A. 2013. Við rannsökum risaeðlur. Þýð. Halldóra Björt Ewen. Bifröst, Reykjavík. 144 bls.
12. Jacobs, P. 2019. Hinn ógnvekjandi heimur: Risaeðlur. Þýð. Ingunn Snædal. Drápa, Reykjavík. 62 bls.
13. Gréta Hauksdóttir 2020. Íslensk heiti risaeðla. Á vefsvæði Grétu Hauksdóttur um risaeðlur, Risaeðlur og fornir félagar. Slóð (skoðað 28.1. 2025): <https://fornsogulegdyr.org/islensk-heiti-risaeðla/#footnotesB>
14. Johnson, M. 2020. Heimur risaeðla. Þýð. Þorgrímur Kári Snævarr & Huginn Þór Grétarsson. Óðinsauga, Mosfellsbær. 62 bls.
15. Mash, R. & Martin, S. 2008. Rosalegar risaeðlur. Þýð. Karl Emil Gunnarsson. JPV, Reykjavík. 28 bls.
16. Bingham, C. 2007. Risaeðlur. Þýð. Árni Óskarsson. Mál og menning, Reykjavík. 127 bls.
17. Bogaert, C., Dozo, G.L. & Regalado, G. 2019. Atlasinn minn: Risaeðlur. Þýð. Bjarki Karlsson. Bókafélagið, Reykjavík. 24 bls.
18. Lambert, D. 2000. Bókin um risaeðlur. Þýð. Árni Óskarsson. Mál og menning, Reykjavík. 64 bls.
19. Þorsteinn Ó. Thorarensen 1979. Frumlífssagan. Fjölvi, Reykjavík. 159 bls.
20. Contraire, B. 2022. Risaeðlur. Þýð. Sverrir Norland. AM, Reykjavík. 50 bls.
21. Cerro, R. & Alfonso, M. 2023. Hin stórkostlega bók um risaeðlur. Þýð. Ingunn Snædal. Drápa, Reykjavík. 101 bls.
22. Atli Magnússon & Örnólfur Thorlacius 2001. Frá risaeðlum til manna. Skjaldborg, Reykjavík. 52 bls.
23. Gallagher, B. 2007. Risaeðlurannsóknir. Þýð. Pétur Heiðar Kristjánsson. Sögur, Reykjavík. 112 bls.
24. Pugassi, A. & Panini, G.P. 1993. Risaeðlur: Dýr frá horfnum heimi. Þýð. Óskar Ingimarsson. Skjaldborg, Reykjavík. 45 bls.
25. Denchfield, N. & Sharp, A. 2007. Risaeðlur – Varúð! Þýð. Karl Helgason. Æskan, Reykjavík. 10 bls.
26. Ingibjörg Briem & Maribel Gonzalez Sigurjóns 2005. Risaeðlutíminn. Mál og menning, Reykjavík. 46 bls.
27. Guðrún Karlsdóttir 1974. Forsöguleg dýr. Bjallan, Reykjavík. 33 bls.
28. Shapiro, L. 1976. Risaeðlurnar. World distributors, London. 12 bls.
29. Green, J., Clark, N.D.L. & Quigley, S. 2011. Á risaeðlusafninu. Þýð.

Hálf dán Ómar Hálf dánarson. Unga ástin mín, Reykjavík. 24 bls.

30. Jón Már Halldórsson 2003, 7.11. Hvaða risaeðlur fyrir utan grameðlur, ef einhverjar, átu nashyrningseðlur? Vísindavefurinn. Slóð (skoðað 28.1. 2025): <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3847>
31. Nielsen, R.H. 2010. Kínverskir steingervingafundir teikna upp nýja mynd af fortíðinni: Flestar risaeðlur voru fiðraðar. Lifandi vísindi 2. 18–21.
32. Lúther Jónsson 2015. Risaeðlur. Steinegg, Reykjavík. 11 bls.
33. Milbourne, A., Butler, N. & Dimitri, S. 2022. Kíkjum á risaeðlur. Rósakot, Reykjavík. 14 bls.
34. Hawcock, D. 2019. Risaeðlur. Þýð. Huginn Þór Grétarsson. Óðinsauga, Mosfellsbær. 20 bls.
35. Snorri Sigurðsson 2006, 7.3.. Hvort voru fleiri risaeðlur rándýr eða jurtaetúr? Vísindavefurinn (skoðað 28.1. 2025) <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5691>
36. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Krónumosaætt, næfurmosaætt, tæfilmosaætt, brámosaætt, skottmosaætt og hnotmosaætt. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 16. Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabæ. 45 bls.
37. Ágúst H. Bjarnason 2018. Mosar á Íslandi. Höf., Reykjavík. 367 bls.

HÖFUNDAR



Viktor Árnason (f. 2002) er í meistaranámi í líffræði við Háskóla Íslands.

Via26@hi.is



Rafn Sigurðsson (f. 1991) útskrifaðist úr meistaranámi í líffræði við Háskóla Íslands árið 2025.

Ras82@hi.is

Viðauki

Íslensk heiti risaeðlna samkvæmt aðferðafræði okkar

Fræðiheiti	Íslenskt heiti	Fræðiheiti	Íslenskt heiti
<i>Abelisaurus comahuensis</i>	abelseðla	<i>Centrosaurus apertus</i>	miðhyrna
<i>Aegyptosaurus baharijensis</i>	egyptaeðla	<i>Ceratosaurus nasicornis</i>	horneðla
<i>Afrovenator abakensis</i>	afríkurumeðla	<i>Cetiosaurus oxoniensis</i>	fenriseðla
<i>Albertosaurus sarcophagus</i>	albertaeðla	<i>Chasmosaurus belli</i>	klaufhyrna
<i>Alcovasaurus longispinus</i>	dálkkambur	<i>Chindesaurus bryansmalli</i>	chindeseðla
<i>Allosaurus anax (Saurophaganax maximus)</i>	eðlubani	<i>Coelophysis bauri</i>	drýsileðla
<i>Allosaurus fragilis</i>	skolleðla	<i>Coelophysis (Syntarsus) kayentakatae</i>	smákollur
<i>Allosaurus valens</i>	djöflaskollur	<i>Compsognathus longipes</i>	þvengeðla
<i>Alwalkeria malariensis</i>	walkerseðla	<i>Confuciusornis sanctus</i>	konfúsíusarfugl
<i>Anchiceratops ornatus</i>	illhyrningseðla	<i>Corythosaurus casuaricus</i>	kúfeðla
<i>Anchiornis huxleyi</i>	fyglingur	<i>Cryolophosaurus ellioti</i>	ískembueðla
<i>Anchisaurus polyzelus</i>	hjæðla	<i>Dakotaraptor steini</i>	dakótaþjófur
<i>Ankylosaurus magniventris</i>	gaddeðla	<i>Daspletosaurus torosus</i>	svarreðla
<i>Antarctosaurus wichmannianus</i>	suðurskautseðla	<i>Deinocoelurus mirificus</i>	krumlueðla
<i>Amargasaurus cazaui</i>	amargaeðla	<i>Deinonychus antirrhopus</i>	klóeðla
<i>Amazonsaurus maranhensis</i>	amasóneðla	<i>Dilong paradoxus</i>	keisaradreki
<i>Amurosaurus riabinini</i>	amúreðla	<i>Dilophosaurus wetherilli</i>	kolleðla
<i>Apatosaurus ajax</i>	þórseðla	<i>Diplodocus carnegii</i>	freyseðla
<i>Archaeopteryx lithographica</i>	öglir eða eðlufugl	<i>Diplodocus (Seismosaurus) hallorum</i>	skjálftaeðla
<i>Argentinosaurus huinculensis</i>	argentíurumur eða argentínueðla	<i>Dromaeosaurus albertensis</i>	spretteðla
<i>Atlascopcosaurus loadsi</i>	atlaseðla	<i>Dromiceiomimus breviterius</i>	emúaeðla
<i>Aucasaurus garridoi</i>	ákaeðla	<i>Dryosaurus altus</i>	eikareðla
<i>Avimimus portentosus</i>	gaukeðla	<i>Edmontonia longiceps</i>	beltiseðla
<i>Bambiraptor feinbergi</i>	bambeðla	<i>Edmontonia rugosidens</i>	edmontongaddeðla
<i>Baptornis advenus</i>	goðafugl	<i>Edmontosaurus (Anatotitan, Anatosaurus) annectens</i>	andareðla
<i>Barapasaurus tagorei</i>	stórfeti	<i>Edmontosaurus regalis</i>	edmontoneðla
<i>Barosaurus (Gigantosaurus lentus)</i>	njarðareðla	<i>Einiosaurus procurvenisis</i>	vísundseðla
<i>Baryonyx walkeri</i>	sporeðla	<i>Elaphrosaurus bambergi</i>	fiseðla
<i>Beipiaosaurus inexpectus</i>	skæreðla	<i>Eocursor parvus</i>	árhlaupari
<i>Brachiosaurus altithorax</i>	finngálkn	<i>Eoraptor lunensis</i>	áreðla
<i>Brachylophosaurus canadensis</i>	stuttkemba	<i>Eotyrannus lengi</i>	árgramur
<i>Brontornis burmeisteri</i>	þórsfugl	<i>Epanterias (Allosaurus) amplexus</i>	paneðla
<i>Brontosaurus excelsus</i>	þrumueðla	<i>Euhelopus zdanskyi</i>	þrymseðla
<i>Caenagnathus collinsi</i>	nýkjálki	<i>Euoplocephalus tutus</i>	gaddygli
<i>Camarasaurus supremus</i>	gíraffaeðla	<i>Eustreptospondylus oxoniensis</i>	hryggeðla
<i>Camptosaurus dispar</i>	sauðeðla	<i>Fabrosaurus australis</i>	sindreðla
<i>Carcharodontosaurus saharicus</i>	háfstanneðla	<i>Gallimimus bullatus</i>	hænsneðla
<i>Carnotaurus sastrei</i>	hnýfileðla	<i>Gargoyleosaurus parkpinorum</i>	grýlueðla
<i>Caudipteryx zoui</i>	fjaðurhali	<i>Gasosaurus constructus</i>	gaseðla

Fræðiheiti	Íslenskt heiti
<i>Gastonia burgei</i>	gastoneðla
<i>Gastornis parisiensis</i>	parísargastri
<i>Gastornis (Diatryma) sp.</i>	gastrar
<i>Giganotosaurus carolinii</i>	jötuneðla
<i>Gojirasaurus quayi</i>	godsillaeðla
<i>Gorgosaurus libratus</i>	gorgónueðla
<i>Gryposaurus notabilis</i>	króknefja
<i>Guanlong wucaii</i>	kambdreki
<i>Hadrosaurus foulkii</i>	hlasseðla
<i>Herrerasaurus ischigualastensis</i>	herreraeðla
<i>Hesperornis regalis</i>	krítarlómur
<i>Heterodontosaurus tucki</i>	mistönnungur
<i>Huayangosaurus taibaii</i>	húajangeðla
<i>Hylaeosaurus armatus</i>	skógareðla
<i>Hypacrosaurus altispinus</i>	andarkúfa
<i>Hypselosaurus priscus</i>	háeðla
<i>Hypsilophodon foxii</i>	bageðla
<i>Iberomesornis romerali</i>	spánaröglir
<i>Ichthyornis dispar</i>	fornimáfur (fornimávur)
<i>Iguanodon bernissartensis</i>	grænskegla
<i>Irritator challengeri (Angaturama limai)</i>	lokaeðla
<i>Janenschia robusta</i>	þursaeðla
<i>Jobaria tiguidensis</i>	gymeðla
<i>Kentrosaurus aethiopicus</i>	geirkambur
<i>Lambeosaurus lambei</i>	lambeseðla
<i>Laosaurus celer</i>	vagleðla
<i>Leaellynasaura amicagraphica</i>	glyrnueðla
<i>Leptoceratops gracilis</i>	smáhyrna
<i>Lesothosaurus diagnosticus</i>	lesótóeðla
<i>Lexovisaurus durobrivensis</i>	lexóvíeðla
<i>Liaoxiornis delicatus</i>	kínatrítill
<i>Liliensternus liliensterni</i>	liliensternseðla
<i>Lufengosaurus huenei</i>	lufengeðla
<i>Magyarosaurus dacus</i>	ungverjarumur eða ungverjaeðla
<i>Maiasaura peeblesorum</i>	frejvueðla
<i>Mamenchisaurus constructus</i>	týseðla
<i>Mapusaurus roseae</i>	jarðeðla
<i>Massospondylus carinatus</i>	harðbakur
<i>Megalosaurus bucklandii</i>	rumeðla
<i>Megaraptor namunhuaiquii</i>	risaþjófur

Fræðiheiti	Íslenskt heiti
<i>Melanorosaurus readi</i>	surtseðla
<i>Microceratus gobiensis</i>	goggeðla
<i>Micropachycephalosaurus hongtuyanensis</i>	þverhaus
<i>Microraptor gui</i>	kolvígur
<i>Microraptor hanqingi</i>	svifvígur
<i>Microraptor sp.</i>	vígar
<i>Microraptor zhaoianus</i>	smávígur
<i>Minmi paravertebra</i>	liljueðla
<i>Mirischia asymmetrica</i>	skakkmjaðmi
<i>Monolophosaurus jiangi</i>	einkemba
<i>Mononykus olecranus</i>	krókeðla
<i>Montanoceratops cerorhyncus</i>	montanahyrna
<i>Mussaurus patagonicus</i>	múseðla
<i>Muttaborrasaurus langdoni</i>	lúðureðla
<i>Nanotyrannus lancensis</i>	smágramur
<i>Neovenator salerii</i>	nýskolli
<i>Nodosaurus textilis</i>	skeljungur
<i>Ornitholestes hermanni</i>	fuglagrípur
<i>Ornithomimus velox</i>	strúteðla
<i>Orodromeus makelai</i>	fjallfeti
<i>Ouranosaurus nigeriensis</i>	djarfeðla
<i>Oviraptor philoceratops</i>	eggjagrípur
<i>Pachycephalosaurus grangeri</i>	þverhöfði
<i>Pachydyptes ponderosuchus</i>	risamörgæs
<i>Pachyrhinosaurus canadensis</i>	breiðnasi
<i>Pachyrhinosaurus perotorum</i>	beinnasi
<i>Pachyrhinosaurus lakustai</i>	hornnasi
<i>Pachyrhinosaurus</i>	nasar
<i>Panoplosaurus mirus</i>	stórskjöldungur
<i>Paralititan stromeri</i>	fenjarumur
<i>Parasaurolophus walkeri</i>	slóeðla
<i>Parksosaurus warreni</i>	skegleðla
<i>Pelecanimimus polyodon</i>	kanaeðla
<i>Pentaceratops sternbergii</i>	fimmhyrna
<i>Piatnitzkysaurus floresi</i>	piatnitzkyeðla
<i>Pisanosaurus mertii</i>	pisanoeðla
<i>Plateosaurus gracilis</i>	söðuleðla
<i>Plateosaurus trossingensis (Sellosaurus gracilis)</i>	sléttueðla
<i>Poekilopleuron bucklandii</i>	rifeðla
<i>Polacanthus foxii</i>	bryneðla

Fræðiheiti	Íslenskt heiti
<i>Procompsognathus triassicus</i>	árþvengur
<i>Protoceratops andrewsi</i>	frumhyrna
<i>Psittacosaurus mongoliensis</i>	páeðla
<i>Rhabdodon priscus</i>	smáskegla
<i>Rhoetosaurus brownei</i>	ýmiseðla
<i>Riojasaurus incertus</i>	stirðbusi
<i>Rubeosaurus (Styracosaurus) ovatus</i>	oddhyrna
<i>Saltasaurus loricatus</i>	salteðla
<i>Santanaraptor placidus</i>	santanagrípur
<i>Saurolophus osborni</i>	skokkeðla
<i>Sauropelta edwardsorum</i>	broddeðla
<i>Sauroposeidon proteles</i>	gífureðla
<i>Scelidosaurus harrisonii</i>	karteðla
<i>Scipionyx sanniticus</i>	skippíókló
<i>Scolosaurus cutleri</i>	stjakygli
<i>Scutellosaurus lawleri</i>	skjöldungseðla
<i>Segisaurus halli</i>	gilseðla
<i>Shunosaurus lii</i>	sjúnóeðla
<i>Sinornis santensis</i>	kínafugl
<i>Sinornithosaurus millenii</i>	þúsaldareðla
<i>Sinosauropteryx prima</i>	dúneðla
<i>Spinosaurus aegyptiacus</i>	uggeðla
<i>Staurikosaurus pricei</i>	suðurkrosseðla
<i>Stegoceras validum</i>	skalleðla
<i>Stegosaurus stenops</i>	kambeðla
<i>Stenonychosaurus inequalis (Troodon formosus)</i>	sagtanni
<i>Struthiomimus altus</i>	fjalarsnarpur
<i>Struthiosaurus austriacus</i>	frumgaddeðla
<i>Styracosaurus albertensis</i>	ígulhyrna
<i>Suchomimus tenerensis</i>	krókódílshermir
<i>Supersaurus vivianae</i>	ofureðla
<i>Szechuanosaurus campi</i>	kampskollur
<i>Tarbosaurus bataar</i>	þyrilgramur
<i>Telmatosaurus transsylvanicus</i>	mýreðla
<i>Tenontosaurus tilletti</i>	sineðla
<i>Thecodontosaurus antiquus</i>	slíðurtanni
<i>Therizinosaurus cheloniformis</i>	sigðeðla
<i>Thescelosaurus neglectus</i>	ygleðla
<i>Timimus hermani</i>	timeðla
<i>Titanis walleri</i>	títanfugl
<i>Titanosaurus indicus</i>	títaneðla

Fræðiheiti	Íslenskt heiti
<i>Torosaurus latus</i>	nauthyrna
<i>Torvosaurus tanneri</i>	dólgseðla
<i>Trachodon mirabilis</i>	undurnefja
<i>Triceratops horridus</i>	þríhyrna
<i>Triceratops prorsus</i>	nashyrningseðla
<i>Trinisaura santamartaensis</i>	trýneðla
<i>Tsintaosaurus spinorhinus</i>	skúfeðla
<i>Tuojiangosaurus multispinus</i>	túókambur
<i>Turiasaurus riodevensis</i>	spánareðla
<i>Tyrannosaurus mcraeensis</i>	makkgramur
<i>Tyrannosaurus rex</i>	grameðla
<i>Ultrasaurus tabriensis</i>	óðinseðla
<i>Utahraptor ostrommaysi</i>	klóskelfir
<i>Velociraptor mongoliensis</i>	snareðla
<i>Vulcanodon karibaensis</i>	gígtanni
<i>Wuerhosaurus homheni</i>	wúerhókambur
<i>Yangchuanosaurus shangyouensis</i>	vareðla